

# D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness mánudaginn 18. júní 2018 í máli nr. E-748/2017:

**Reza Khedri**

*(Anna Lilja Sigurðardóttir lögmaður)*

**gegn**

**Sprautun ehf.**

*(Guðmundur Ómar Hafsteinsson lögmaður)*

Mál þetta, sem tekið var til dóms 23. apríl sl., er höfðað 29. ágúst 2017.

Stefnandi er Reza Khedri, [...], Reykjavík.

Stefndi er Sprautun ehf., [...], Kópavogi.

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði honum 1.654.916 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 32.444 krónum frá 1. mars 2017 til 1. apríl 2017, af 370.438 krónum frá 1. apríl 2017 til 1. maí 2017, af 708.432 krónum frá 1. maí 2017 til 1. júní 2017, af 1.061.635 krónum frá 1. júní 2017 til 1. júlí 2017 og af 1.654.916 krónum frá 1. júlí 2017 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

## I

Stefndi rekur sprautuverkstæði þar sem stefnandi starfaði frá árinu 2012. Í stefnu segir að stefnandi hafi slasast við vinnu sína 3. janúar 2017 er hann fékk hnykk á bak þegar hann bar, ásamt samstarfsmanni sínum, skáp á milli hæða á verkstæði stefnda. Í greinargerð stefnda er forsögu málsins lýst á þann veg að fyrisvarsmenn stefnda hafi um nokkurt skeið verið ósáttir við ástundun og vinnuframlag stefnanda. Hafi hann verið fjarverandi í þrjár vikur í september 2016 án þess að fá til þess leyfi eða gefa skýringar á fjarvist sinni. Hafi stefnandi komið á verkstæðið í byrjun október 2016 og óskað eftir því að fá að koma aftur til starfa. Var stefnanda þá gerð grein fyrir því að framkoma hans, sem ekki var einsdæmi, væri óásættanleg. Var stefnandi ráðinn á ný gegn því að þetta endurtæki sig ekki.

Þá segir í greinargerð stefnda að nokkrir starfsmenn stefnda hafi fengið launahækkun umfram kjarasamningshækkun um áramótin 2016/2017. Af ástæðum sem að framan segir fékk stefnandi ekki slíka hækkun og tók það óstinnt upp. Á fundi 3. janúar 2017 reiddist stefnandi framkvæmdastjóra stefnda og krafðist þess að fá að hætta strax og fá greiddan uppsagnarfrest. Var því hafnað og fór stefnandi ósáttur af fundinum. Þann sama dag hafi stefnandi verið við störf hjá stefnda og undir lok dags hafi hann verið einn eftir ásamt A sem hafi lýst því að stefnandi hafi kvartað undan bakverk þegar hann hafi verið að bera skáp niður tröppur, en hafi

lokið vinnudeginum og farið heim. Hafi stefnandi ekki mætt til vinnu daginn eftir, en skilað læknisvottorði vegna vinnuslyss. A kannist hins vegar hvorki við þessa lýsingu né að stefnandi hafi fengið slink á bakið.

Í læknisvottorði B sérfræðilæknis, dagsettu 3. janúar 2017, segir að stefnandi hafi komið á slysa- og bráðadeild vegna bakverks. Hafi hann verið að lyfta þungu borði fyrir um daginn í bílskúr sínum og fengið við það tak í bakið og heyrt smell. Auk þess að finna strax fyrir bakverk segi hann hægri fótlegg hafa verið „dauðan“ í einhvern tíma á eftir, en hann sé í lagi núna. Í vottorðinu kemur fram að hann hafi komið á slysa- og bráðadeild í júlí 2015 með svipuð „einkenni og sögu.“ Líklegast sé um að ræða tognun á lendarhrygg, nánar tiltekið á facettuliðum. Engin rótareinkenni komi fram við skoðun. Heldur stefnandi því fram að hann hafi verið óvinnufær frá slysdegi og sé það enn.

Í tilkynningu um slys til Sjúkratrygginga Íslands 10. janúar 2017 segir að stefnandi hafi verið að bera þunga borðplötu með samstarfsfélaga sínum, A. Hafi stefnandi rekið sig í koll sem hafi verið á gólfinu og misst við það jafnvægið. Hann hafi reynt að koma í veg fyrir að hann dytti og við það fengið slink á bakið og slasast. Stefnandi ritar undir tilkynninguna ásamt C fyrir hönd stefnda. Stefndi fullyrðir að lýsing í tilkynningunni sé röng og þegar C, sem ekki sinni daglegum rekstri stefnda, hafi undirritað tilkynninguna þá hafi hann ekki heyrt frásögn A.

Þann 10. janúar 2017 hafði stefnandi símsamband við framkvæmdastjóra stefnda, D, og var mjög æstur. Var stefnandi þá staddur á starfsstöð stefnda en D annars staðar. Krafðist stefnandi þess að fá að hætta strax og fá uppsagnarfrest greiddan, en því var hafnað. Hótaði stefnandi þá D og fjölskyldu hans líkamsmeiðingum og lífláti. Í beinu framhaldi sparkaði stefnandi ítrekað í bíl í eigu D og olli skemmdum á honum. Degi síðar, þann 11. janúar, hittust C, annar eigenda stefnda, og stefnandi til að ræða þá stöðu sem upp var komin. Krafðist stefnandi þess að fá að hætta strax og fá greiddan uppsagnarfrest. Því var hafnað og krafðist stefnandi þess þá að vera sagt upp aftur í tímann þannig að hann kæmist beint á atvinnuleysisbætur. Því var einnig hafnað. Var stefnandi mjög ósáttur við þetta og ítrekað hótanir gagnvart D og fjölskyldu hans. Spurði C stefnanda þá hvort honum væri alvara og svaraði stefnandi þá að honum væri fúlasta alvara og hygðist framkvæma þá háttsemi sem hann hefði hótað. Við þetta tækifæri upplýsti C stefnanda um það að hann ætti ekki afturkvæmt til starfa hjá stefnda vegna umræddra brota hans í starfi.

Í bréfi ríkissaksóknara 17. október 2017 segir að fyrirsvarsmáður stefnda, D, hafi komið á lögreglustöð 25. janúar 2017 og lagt fram kæru á hendur stefnanda vegna eignaspjalla og hótana. Haft er eftir kæranda að eftir ágreining á milli stefnanda og kæranda 10. janúar 2017, í tengslum við starfslok stefnanda hjá

stefnda hefði kærandi brjálást og rokið út. Í kjölfarið hefði stefnandi hringt í kæranda, D, og hótað honum og fjölskyldu hans lífláti. Þá skýrði kærandi einnig frá því hjá lögreglu að stefnandi hefði að auki sparkað í bifreið í eigu kæranda og valdið skemmdum á henni. Þá segir að lögreglan hafi tekið skýrslur af vitnunum A og E 8. júní 2017 en þeir hafi ekki getað staðfest kæruefnið. Þá er upplýst að stefnandi hafi á fundi 11. janúar 2017 með þremur nafngreindum mönnum, daginn eftir atvik áttu sér stað, ítrekað hótanir sínar í garð kæranda og fjölskyldu hans og einnig viðurkennt að hafa skemmt bifreið kæranda.

Fyrirsvarsmenn stefnda tóku málefni stefnanda til skoðunar í janúar og greiddu honum laun fyrir þann mánuð. Var ákveðið að víkja stefnanda úr starfi vegna grófra brota í starfi, án réttar til launa í uppsagnarfresti. Var stefnanda tilkynnt um þetta formlega með bréfi 23. febrúar 2017. Stefnandi lýsti því fyrir dómi að hann hefði neitað að taka við uppsagnarbréfi frá stefnda og gert athugasemd við hvenær það hafi verið dagsett.

Kæra fyrirsvarsmanns stefnda vegna brota stefnanda mun vera til rannsóknar hjá lögreglu. Með bréfi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu 20. júlí 2017 var tilkynnt að rannsókn málsins hefði verið hætt. Kærandi kærði þá ákvörðun lögreglustjóra til ríkissaksóknara 16. ágúst 2017 sem felldi ákvörðun lögreglustjórans úr gildi með ákvörðun 17. október 2017. Var lagt fyrir lögreglustjóra að halda rannsókn málsins áfram.

Stefnandi leitaði til Eflingar - stéttarfélags sem sendi stefnda bréf 16. janúar 2017 þar sem skorað var á stefnda að virða lög- og kjarasamningsbundinn launarétt stefnanda í slysaförföllum. Þá var með bréfi stéttarfélagsins 22. febrúar 2017 gerð krafa um endurgreiðslu sjúkrakostnaðar vegna slyssins samkvæmt ákvæði 8.2.3 í aðalkjarasamningi Eflingar - stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins. Með bréfi sama stéttarfélags 3. mars 2017 var gerð krafa um greiðslu launa í slysaförföllum í febrúar 2017.

Með svarbréfi lögmanns stefnda 6. mars 2017 var kröfu stefnanda hafnað og tekið fram að honum yrðu ekki greidd frekari laun. Með bréfi Eflingar - stéttarfélags 10. mars 2017 var ítrekuð krafa stefnanda um greiðslu launa í slysaförföllum. Með bréfi sama stéttarfélags 31. mars 2017 var krafist greiðslu vangreiddra launa fyrir mars. Engin viðbrögð urðu við því bréfi og heldur ekki bréfum stéttarfélagsins 25. apríl, 1. júní og 16. júní 2017, þar sem settar voru fram kröfur vegna vangreiddra slysa-launa í apríl, maí og júní auk orlofs og uppbóta.

Með tveimur innheimtubrífum 25. apríl og 3. júlí 2017 var krafist greiðslu vangreiddra launa í slysaförföllum vegna vinnuslyss sem átt hefði sér stað 4. [sic.] janúar 2017. Var krafist vangreiddra launa fyrir febrúar til og með júní 2017, auk orlofs og orlofs- og desemberuppbóta. Með bréfi lögmanns stefnda 5. júlí 2017 til

lögmanns stefnanda var öllum kröfum stefnanda hafnað, bæði vegna þess að stefnandi ætti engan rétt til launa í veikinda- eða slysaforföllum, enda væri ósannað að stefnandi hafi orðið fyrir slysi í skilningi skaðabóta- og vátryggingaréttar, og einnig vegna þess að hann hefði fyrirgert rétti sínum með grófum brotum í starfi og væri fyrirvaralaus uppsögn réttlætanleg. Þess var að auki krafist að stefnandi mætti í læknisskoðun hjá trúnaðarlækni stefnda, ætlaði hann að halda kröfu sinni til streitu. Lögmaður stefnanda ítrekaði kröfu hans með bréfi 16. ágúst 2017. Með því bréfi hafnaði stefnandi kröfu um að mæta í skoðun hjá trúnaðarlækni stefnda.

## II

Stefnandi krefst greiðslu vangreiddra launa í forföllum sínum vegna vinnuslyss tímabilið 1. febrúar til 30. júní 2017 ásamt orlofi og uppbótum. Byggist krafa stefnanda á ákvæðum laga og aðalkjarasamnings Eflingar - stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins, launaseðlum og bankayfirliti stefnanda. Stefnandi kveðst hafa slasast við vinnu sína 3. janúar 2017 er hann fékk slink á bakið þegar hann bar skáp á milli hæða við vinnu sína hjá stefnda. Hafi stefnandi þannig meiðst á baki og hafi glímt við bakverki allt frá því slysið varð. Stefnandi hafi strax í kjölfarið leitað á Slys- og bráðadeild Landspítala háskólasjúkrahúss. Um það vitni bráðamóttökuskrá 3. janúar 2017. Auk þess hafi stefnandi verið til meðferðar hjá heimilislækni og sjúkrahjálfa. Líkt og læknisfræðileg gögn beri með sér sé áverka stefnanda að rekja til slyssins að mati meðferðarlæknis stefnanda. Þrátt fyrir fyrirbyggjandi læknisvottorð hafi stefndi hafnað því að greiða stefnanda laun í slysaforföllum. Stefndi hafi ekki gert neina tilraun til þess að hnekkja þeim læknisvottorðum sem stefnandi hafi afhent til sönnunar óvinnufærni sinni og afleiðinga slyssins, svo sem með mati trúnaðarlæknis.

Samkvæmt ákvæði 8.2 í aðalkjarasamningi Eflingar - stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins skuli starfsmaður sem forfallast af völdum slyss við vinnu auk réttar til launa í veikindum halda dagvinnulaunum sínum í þrjá mánuði. Samkvæmt ákvæði 8.1.4 hafi stefnandi áunnið sér einn mánuð með greiðslu staðgengislauna og tvo mánuði á dagvinnulaunum. Samkvæmt læknisvottorðum hafi stefnandi verið óvinnufær með öllu frá slysdegi og sé það enn. Stefnandi hafi fengið janúarlaun uppgerð en eftir standi krafa vegna tímabilsins 1. febrúar til 30. júní 2017. Taki krafan mið af umsömdum mánaðarlaunum stefnanda samkvæmt launaseðlum hans eða 337.994 krónum. Þann 1. maí 2017 hafi laun hækkað um 4,5% samkvæmt ákvæði 1.2.3 í kjarasamningi og hafi frá þeim tíma átt að vera 353.203 krónur.

Gerð sé krafa um greiðslu orlofs á vangreidd slysaun. Byggist krafan á ákvæðum laga nr. 30/1987 um orlof og 4. kafla gildandi kjarasamnings. Samkvæmt 1. gr. orlofslaga eigi allir þeir sem starfi í þjónustu annarra gegn launum rétt á orlofi og orlofslaunum samkvæmt reglum laganna. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laganna og

ákvæði 4.1.1 í gildandi kjarasamningi skulu orlofslaun vera 10,17% af öllu kaupi. Samtals sé gerð krafa um greiðslu 174.963 króna vegna orlofs. Þá sé gerð krafa um greiðslu orlofsuppbótar vegna orlofsársins sem hafi hafist 1. maí 2017 en full uppbót sé 46.500 krónur. Fullt ársstarf teljist vera 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Uppbótin greiðist 1. júní miðað við starfshlutfall og starfstíma á orlofsárinu, öllum starfsmönnum sem verið hafi samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum miðað við 30. apríl eða séu í starfi fyrstu vikuna í maí. Áunna orlofsuppbót beri að gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga hennar. Vísað sé til ákvæðis 1.4.2 í kjarasamningi. Við útreikning kröfunnar sé miðað við að stefnandi hafi áunnið sér rétt til greiðslu fullrar orlofsuppbótar.

Stefnandi krefst greiðslu desemberuppbótar vegna ársins 2017 að fjárhæð 86.000 krónur. Fullt ársstarf teljist í þessu sambandi vera 45 unnar vikur eða meira fyrir utan orlof. Uppbótin greiðist eigi síðar en 15. desember ár hvert, miðað við starfshlutfall og starfstíma, öllum starfsmönnum sem verið hafi samfelld í starfi hjá atvinnurekanda í 12 vikur á síðustu 12 mánuðum eða séu í starfi fyrstu viku í desember. Áunna desemberuppbót skuli gera upp samhliða starfslokum verði þau fyrir gjalddaga uppbótarinnar. Vísað sé til ákvæðis 1.4.1 í kjarasamningi. Miðað sé við að stefnandi hafi unnið í 26 vikur árið 2017 og hafi því átt rétt á greiðslu 49.689 króna.

Í ljósi viðbragða stefnda við kröfu stefnanda sé bent á að stefnandi hafi ekki gerst sekur um neitt það sem réttlæti fyrirvaralausá uppsögn af hálfu stefnda. Til að unnt sé að rifta ráðningarsamningi verði brot starfsmanns að vera verulegt, svo sem gróf brot sem unnin séu af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Þegar atvinnurekandi segi starfsmanni fyrirvaralaust upp störfum vegna verulegrar vanefndar verði sakir að liggja fyrir við brottrekstur og beri atvinnurekanda að sýna fram á þær. Sé brot ekki alvarlegt verði atvinnurekandi að áminna starfsmann um brottrekstur áður en hann geti gert hann brottrækan úr starfi. Bent sé á að réttur stefnanda til launa í vinnuslysaförföllum verði ekki skertur með uppsögn. Jafnframt mótmæli stefnandi framkomnum ásökunum í uppsagnarbréfi 23. febrúar 2017, tölvupósti lögmanns stefnda 6. mars sama ár og bréfi lögmanns stefnda 5. júlí 2017 sem röngum og ósönnuðum.

Dómkrafa stefnanda sundurliðast þannig:

*Vangreidd laun vegna slysaforfalla:*

Febrúar 2017	
-mánaðarlaun	337.994 krónur
Áður greitt frá sjúkratryggingum	<u>305.550 krónur</u>
Samtals	32.444 krónur

Mars 2017		
-mánaðarlaun	337.994 krónur	
Apríl 2017		
-mánaðarlaun	337.994 krónur	
Mái 2017		
-mánaðarlaun	353.203 krónur	
Júní 2017		
<u>-mánaðarlaun</u>	<u>353.203 krónur</u>	
Samtals	1.414.838 krónur	
<i>Orlof</i>		
-1.414.838 krónur * 10,17%		143.889 krónur
<i>Orlofsuppbót</i>		
-full uppbót		46.500 krónur
<i>Desemberuppbót</i>		
<u>-86.000 krónur/45 vikur * 26 vikur</u>	<u>49.689 krónur</u>	
Samtals	1.654.916 krónur	

Krafa stefnanda hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og því sé nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefnandi hafi verið félagsmaður í Eflingu - stéttarfélagi á því tímabili sem krafa hans hafi stofnast. Vísað sé til meginreglu vinnu-, kröfu- og samningaréttar um að laun beri að greiða í samræmi við umsamda launataxta samkvæmt gildandi ráðningar- og/eða kjarasamningi. Um réttindi stefnanda sé aðallega vísað til 1., 2., 3., 4. og 12. kafla kjarasamnings félagsins. Jafnframt sé vísað til laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks o.fl., einkum 1. gr., laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups, laga nr. 30/1987 um orlof, einkum 1., 7. og 8. gr., og laga nr. 19/1979 um rétt launafólks til uppsagnarfrests o.fl. Byggt er á því að stefndi hafi vanefnt bindandi ráðningarsamning við stefnanda með því að greiða ekki umsamin laun og uppfylla aðrar samningsskyldur sínar. Samkvæmt framangreindum réttarheimildum og samningum er greiðsluskylda stefnda ótvíræð. Um sönnun er jafnframt vísað til stjórnunarréttar stefnda og þess að hann er bókhaldsskyldur að lögum. Kröfur um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. og V. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

### III

Stefndi kveðst byggja aðalkröfu sína um sýknu á því að ráðningarsamningur aðila og réttindi og skyldur aðila á grundvelli hans hafi fallið niður í kjölfar fyrirvaralauss brottrekstrar stefnanda vegna brota í starfi. Stefndi hafni því að stefnandi eigi rétt til launa í veikinda- og slysaföllum úr hendi stefnda. Byggi stefndi á því að stefnandi hafi með grófum brotum í starfi fyrirgert

rétti til greiðslna í veikinda- og slysaforföllum. Í því sambandi sé á því byggt að vegna hótana stefnanda gagnvart yfirmanni sínum ásamt eignaspjöllum á bifreið hans hafi stefnda verið heimilt að segja fyrirvaralaust upp ráðningarsamningi stefnda við stefnanda og vísa honum af vinnustaðnum. Stefndi kveðst telja hina refsiverðu háttsemi stefnanda hafa falið í sér verulega vanefnd á vinnusamningi aðila og jafnframt hafi forsendur brostið fyrir áframhaldandi störfum stefnanda hjá stefnda. Þá hafi stefnandi einnig brotið gegn trúnaðarskyldum sínum gagnvart stefnda, bæði með fyrrnefndum brotum og með því að gera sér upp veikindi og vinnuslys. Hafi stefnda því verið heimilt að víkja stefnanda fyrirvaralaust úr starfi í janúar 2017. Í því sambandi beri einnig að líta til þess að stefnanda hafði ítrekað verið veitt tiltal vegna slælegrar mætingar og vinnubragða og ítrekaðs brotthlaups úr starfi. Einnig bendi stefndi á að í stefnu sé því hvergi mótmælt að stefnda hafi verið heimilt að víkja stefnanda frá störfum vegna brota í starfi, en fullyrðingar um slíkt hafi ítrekað komið fram í bréfaskriftum aðila.

Samkvæmt meginreglum vinnuréttar um fyrirvaralausar uppsögn og reglum samningaréttar um riftun, hafi ráðningasamband aðila fallið niður við uppsögn stefnanda og þar með réttur stefnanda til launa í veikindaforföllum og slysaforföllum. Telji stefndi að fyrirvaralausar uppsögn jafngildi riftun á ráðningarsamningi og samkvæmt meginreglum kröfuréttar um riftun falla réttindi og skyldur aðila samkvæmt samningum því niður þegar við riftunina. Geti stefnandi því ekki byggt rétt á ráðningarsamningi aðila né ákvæðum kjarasamnings varðandi meintan veikinda- eða slysarétt sinn. Þegar af þessari ástæðu beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Verði ekki fallist á að ráðningarsamningur aðila hafi fallið niður í janúar 2017 vegna fyrirvaralausrar uppsagnar, byggi stefndi sýknukröfu sína varðandi laun í veikindaforföllum á því að stefnandi hafi fengið veikindalaun sín samkvæmt kjarasamningi að fullu greidd. Fyrir liggur að stefnandi hljópst fyrirvaralaust úr starfi í september 2016, án heimildar yfirmanna sinna. Telji stefndi að brotthlaup stefnanda jafngildi uppsögn á ráðningarsamningi. Stefndi hafi ákveðið, að ósk stefnanda, að ráða hann að nýju þegar hann hafi snúið aftur til starfa í október 2016. Þá hafi stofnast nýtt ráðningarsamband með takmarkaðri veikindarétti en áður, en hann miðist þá við upphaf starfs 1. október 2016.

Samkvæmt grein 8.1.1 í kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins stofnist veikindaréttur sem nemi tveimur dögum á staðgengislaunum fyrir hvern unninn mánuð á fyrsta starfsári. Sé á því byggt að ákvæði 12.6.1 í kjarasamningi aðila eigi ekki við í máli þessu þar sem það gildi eingöngu ef starfsmanni er sagt upp störfum af vinnuveitanda, en ekki í þeim tilvikum er starfsmaður segi upp störfum eða gerist sekur um brotthlaup úr starfi.

Að framangreindu virtu hafi stefnandi því eingöngu átt sem nemur fjórum dögum í veikindarétt 3. janúar 2017. Fyrir liggir að stefnanda hafi verið greidd laun út janúar 2017 og hafi stefndi því greitt stefnanda laun umfram það sem honum hafi verið skylt. Eigi stefnandi því enga frekari kröfu á stefnda um greiðslu veikindalauna.

Þá byggir stefndi á því að fullyrðingar stefnanda um veikindi séu með öllu ósannaðar, en stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir fullyrðingum sínum í þá veru. Það sé skoðun stefnda að stefnandi hafi gert sér upp umrædda áverka vegna synjunar stefnda á að hækka laun hans eða greiða honum út laun í uppsagnarfresti án vinnuskyldu.

Stefndi kveðst telja framlögð læknisvottorð stefnanda ótrúverðug og misvísandi, bæði hvað varðar orsök veikindanna, hvar og hvernig hið meinta slys eigi að hafa átt sér stað. Í bráðamóttökuskrá, dagsettri 3. janúar 2017, sé orsök áverka stefnanda ekki talin vera sú að hann hafi lent í vinnuslysi heldur komi þar fram að stefnandi hafi verið að lyfta þungu borði heima hjá sér. Þá lýsir stefnandi hinum meintu tildrögum slyssins á einn veg í stefnu en með öðrum hætti í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands. Í læknisvottorði F 24. mars 2017 sé meðal annars tekið fram að stefnandi beri sig undarlega við skoðun og nokkurt ósamræmi sé milli tilrauna. Einnig segi í vottorðinu að stefnandi kveinki sér mikið við bank yfir neðrihluta brjósthryggs og yfir lendhrygg. Erfitt sé að staðfesta eymsli nákvæmlega þar sem hann kveinki sér á stóru svæði. Stefnandi telji að vottorðið sýni að stefnandi ýki verulega meinta áverka sína og í þeim tilgangi að virkja veikinda- og slysarétt sinn samkvæmt kjarasamningi. Stefnandi hafi sömuleiðis hafnað beiðni stefnda um að mæta í skoðun til trúnaðarlæknis stefnda og beri að meta það stefnanda í óhag. Þá telji stefndi útilokað að það slys sem stefnandi haldi fram að hann hafi orðið fyrir hafi haft þær afleiðingar að stefnandi hafi verið óvinnufær í sex mánuði. Bendi stefndi á að í ljósi óskýrleika framlagðra læknisvottorða og óvissu um málsatvik verði meint óvinnufærni stefnanda eingöngu sönnuð með matsgerð dómkvaddra matsmanna. Stefnandi kveðst telja meint veikindi stefnanda ósönnuð gegn mótmælum stefnda og beri því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda um laun í veikindaforföllum.

Stefndi kveðst byggja sýknukröfu sína vegna launa í slysaforföllum á því að það sé með öllu ósannað að stefnandi hafi orðið fyrir vinnuslysi 3. janúar 2017. Byggi stefndi á því að það sé ótvírætt skilyrði fyrir rétti til greiðslna vinnulauna í slysaforföllum að sannað sé að vinnuslys hafi átt sér stað. Samkvæmt skýringum við grein 8.2 í kjarasamningi aðila gildi almennar reglur skaðabótaréttar um sönnun slyss og orsakatengsla milli slyssins og meintra afleiðinga. Samkvæmt reglum skaðabóta-réttar beri tjónþoli sönnunarbyrðina fyrir því að slys hafi átt sér stað, tjóni sínu og orsakatengslum þar á milli. Sömuleiðis beri tjónþoli halla af

sönnunarskorti.

Stefndi kveðst hafna lýsingu stefnanda á hinu meinta slysi og telji málavaxtalýsingu stefnanda uppspuna frá rótum. Verulegt misræmi sé í lýsingum stefnanda á hinu meinta slysi. Í tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands lýsi stefnandi atvikum þannig að hann hafi verið að bera þunga borðplötu með samstarfsfélaga sínum þegar hann hafi rekið sig í koll, misst jafnvægið og fengið slink á bakið. Í sumum læknisvottorðum sé höfð eftir stefnanda sambærileg lýsing á atvikum. Þó sé haft eftir honum í bráðamóttökuskrá Landspítalans, sem dagsett sé sama dag og hið meinta slys, að hann hafi verið að lyfta þungu borði í bílskúr sínum. Í stefnu sé hinu meinta slysi hins vegar lýst með allt öðrum hætti og sagt að stefnandi hafi fengið hnykk á bakið þegar hann hafi verið að bera skáp milli hæða með samstarfsfélaga sínum. Hafi stefnandi þannig gefið þrjár mismunandi útgáfur af málsatvikum, sem verði að teljast ótrúverðugt og stefnanda í óhag.

Í fyrrnefndri tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands tilgreini stefnandi A sem vitni að hinni meintu atburðarás. Téð vitni kannast hins vegar ekki við lýsingar stefnanda í umræddri tilkynningu og í yfirlýsingu, dagsettri í maí 2017, lýsi hann atburðum með allt öðrum hætti. Þvert á lýsingar stefnanda lýsi hann því að hann og stefnandi hafi verið einir eftir á vinnustaðnum og verið að bera skenk niður stiga. Hafi stefnandi þá kvartað yfir bakverkjum. Vitnið kannast hins vegar ekki við að stefnandi hafi fengið hnykk á bakið eða slasast við burðinn. Í yfirlýsingunni komi einnig fram að stefnandi hafi klárað vinnudaginn og síðan farið heim. Þá hafni stefndi því að lýsing á fyrrnefndri tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands hafi sönnunargildi í málinu en hún hafi verið rituð af stefnanda sjálfum og hafi hann fengið annan eiganda stefnda til að skrifa upp á tilkynninguna án þess að eigandinn hafi á nokkurn hátt þekkt til málsatvika. Hafi hún því enga þýðingu í máli þessu.

Að öllu framangreindu virtu telji stefndi ósannað að stefnandi hafi orðið fyrir vinnuslysi 3. janúar 2017, enda sé framburður hans um tildrög slyssins bæði óljós og misvísandi og ekki studdur framburði vitna eða haldbærum gögnum. Skorti því á að það frumskilyrði hinna umstefndu greiðslna sé fyrir hendi og beri þar af leiðandi að hafna öllum kröfum stefnanda um greiðslur á launum í slysaföllum.

Þá hafni stefndi því að um slys hafi verið að ræða í skilningi skaðabótaréttar. Eins og áður segi verði ákvæði kjarasamnings aðila skýrð með hliðsjón af almennum reglum skaðabótaréttar. Til að réttur samkvæmt grein 8.2 í kjarasamningi stofnist þurfi launamaður að hafa orðið fyrir tjóni í slysi eins og það sé skilgreint í skaðabótarétti, það er vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar. Samkvæmt upplýsingum frá vitninu A hafi stefnandi kvartað undan bakverkjum þegar hann hafi verið að bera skenk með vitninu. Hins vegar hafi hvergi komið

fram að hann hafi orðið fyrir einhvers konar slink, falli eða höggi sem hafi leitt til áverka. Sé því ósannað gegn mótmælum stefnda að skyndilegur utanaðkomandi atburður sé orsök meintra áverka eða veikinda stefnanda. Skorti því á að skilyrði slyshugtaks skaðabótaréttar séu uppfyllt og geti stefnandi þar af leiðandi ekki krafist vinnulauna vegna slysaforfalla. Séu því engar forsendur til að fallast á umræddar kröfur stefnanda.

Loks mótmæli stefndi því að fyrir liggi sönnun um tjón og orsakatengsl í máli þessu. Í því sambandi vísist að mestu til fyrri umfjöllunar um misræmi í lækni-vottorðum og augljósa uppgerð stefnanda á verkjum og afleiðingum slyssins. Stefndi mótmæli því að framlögð lækni-vottorð feli í sér slíka sönnun.

Að framangreindu virtu telji stefndi ósannað að stefnandi hafi lent í vinnuslysi í skilningi greinar 8.2 í kjarasamningi aðila. Séu því engar forsendur til að fallast á kröfur stefnanda um laun í slysaforföllum á grundvelli ákvæðisins og því beri að sýkna stefnda af þeim kröfum stefnanda.

Stefndi kveðst mótmæla útreikningum og forsendum dómkrafna stefnanda í heild sinni. Sérstaklega sé mótmælt forsendum fyrir útreikningi mánaðarlauna stefnanda en forsendurnar taki mið af einum launaseðli stefnanda. Í forsendum dómkrafna sé jafnframt ekki sundurliðað með hvaða hætti mánaðarlaun fyrir dagvinnu séu fundin út. Máltilbúnaður stefnanda virðist byggjast á að stefndi sé á föstum mánaðarlaunum en af ráðningarsamningi stefnanda og launaseðlum sé augljóst að stefnandi fái greitt á grundvelli tímakaups. Því sé ósamræmi milli forsendna stefnukröfu og umsaminna launa stefnanda.

Verði ekki fallist á aðalkröfu stefnda um sýknu telji stefndi að ástæður séu til að lækka dómkröfur stefnanda verulega. Stefndi byggji varakröfu sína á sömu málsástæðum og lagarökum og aðalkröfu eftir því sem við eigi.

Kröfu stefnanda um dráttarvexti er mótmælt. Vísar stefndi til þess að samkvæmt grein 8.4.1 í kjarasamningi aðila stofnist aðeins greiðsluskylda vegna launa í veikindaforföllum að því gefnu að launamaður skili lækni-vottorðum í tæka tíð fyrir launauppgjör. Séu ekki forsendur til að dæma stefnda til greiðslu dráttarvaxta eins og dómkröfur stefnanda geri ráð fyrir. Telji stefndi eðlilegt að dráttarvextir reiknist aðeins frá dómsuppsögu eða til vara frá því að mánuður var liðin frá þingfestingu málsins, sbr. 3. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Stefndi vísar máli sínu til stuðnings til ákvæða í kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins, einkum greina 8.1 og 8.2. Jafnframt vísar stefndi til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Þá vísar stefndi til ákvæða laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum 5. gr. Krafa stefnda um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Við munnlegan flutning málsins var af hálfu stefnanda meðal annars vísað til þess, kröfum hans til stuðnings, að niðurstaða Sjúkratrygginga Íslands um bótaskyldu eigi að ráða úrslitum um bótaskyldu stefnda í málinu, sbr. ákvæði 8.4.2 í kjarasamningi Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins. Sætti þessi málsástæða stefnanda andmælum stefnda sem of seint fram komin.

Samkvæmt 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála skulu málsástæður og mótmæli koma fram jafnskjótt og tilefni verður til. Að öðrum kosti má ekki taka slíkar yfirlýsingar til greina nema gagnaðili samþykki eða aðili hefur þarfnast leiðbeininga dómara en ekki fengið þær.

Hygðist stefnandi byggja kröfur sínar í málinu að einhverju leyti á því að niðurstaða Sjúkratrygginga Íslands ætti að ráða úrslitum um bótaskyldu stefnda þá bar honum að setja fram þá málsástæðu í stefnu, sbr. 1. málslíð 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991, enda verður ekki með nokkru móti talið að tilefni til að koma fram með málsástæðuna hafi fyrst gefist eftir höfðun málsins. Verður því ekki á málsástæðunni byggt gegn framkomnum andmælum stefnda.

Í máli þessu krefst stefnandi greiðslu vangreiddra launa í forföllum vegna vinnuslyss fyrir tímabilið 1. febrúar til og með 30. júní 2017, ásamt orlofi og uppbotum, samtals að fjárhæð 1.654.916 krónur, auk dráttarvaxta. Krafa stefnanda er byggð á ákvæðum laga og aðalkjarasamnings Eflingar - stéttafélags og Samtaka atvinnulífsins, launaseðlum og bankayfirliti stefnanda. Sýknukrafa stefnda er reist á því að stefnandi eigi ekki rétt til launa í veikinda- eða slysaforföllum úr hendi stefnda. Þá hafi ráðningarsamningur stefnanda og réttindi og skyldur aðila fallið niður í kjölfar fyrirvaralauss brottreksturs stefnanda úr starfi hjá stefnda vegna brota í starfi. Deilt er um það í málinu hvort stefnandi eigi rétt til launa í slysaforföllum og hvort stefnda hafi verið heimilt að segja stefnanda upp störfum fyrirvaralaust.

Stefnandi var ráðinn í ótímabundið fullt starf hjá stefnda með ráðningarsamningi 4. júlí 2012, en var sagt upp störfum fyrirvaralaust 10. janúar 2017. Yfirgaf stefnandi þá vinnustaðinn. Var uppsögn stefnanda staðfest skriflega með bréfi 23. febrúar 2017 þar sem ástæða hennar var skýrð og rökstudd. Kannast stefnandi við að hafa mótttekið bréfið samkvæmt yfirlýsingu lögmanns hans við munnlegan flutning málsins.

Stefnandi heldur því fram að hann hafi slasast við vinnu sína hjá stefnda 3. janúar 2017. Stefndi hafnar því og fullyrðir að lýsing á ætluðu slysi stefnanda sé uppspuni frá rötum. Í stefnu málsins er slysinu lýst á þann veg að stefnandi hafi fengið slink á bakið þegar hann hafi borið skáp á milli hæða. Hafi stefnandi meiðst í baki og hafi glímt við bakverki allt frá því að slysið varð. Í vottorði læknis á slysa- og bráðadeild Landspítala segir að stefnandi hafi verið að lyfta þungu borði í

bílskúr sínum og fengið við það tak í bakið og heyrt smell. Í tilkynningu stefnanda til Sjúkratrygginga Íslands kemur fram að stefnandi hafi verið að bera þunga borðplötu í vinnunni og rekið sig í koll sem hafi verið á gólfinu og misst jafnvægið við það. Þegar hann hafi reynt að koma í veg fyrir að hann dytti hefði hann fengið slink á bakið og slasast. Sömu upplýsingar koma fram í vottorði F heilsugæslulæknis 24. mars 2017. Í vottorði F er að auki tekið sérstaklega fram að við skoðun beri stefnandi sig undarlega og „nokkurt ósamræmi milli tilrauna en getur þó lyft gegn mótstöðu bæði proximalt og distalt í ganglimum og kraftar eru metnir jafnir til hliða.“

Samkvæmt kjarasamningi milli Samtaka atvinnulífsins og Flóabandalagsins, sem gildir frá 1. maí 2015 til loka 31. desember 2018, segir í grein 8.2 að almennar reglur gildi um sönnun og orsakatengsl þegar um óvinnufærni af völdum slyss er að ræða sem getur komið fram strax eða síðar. Við úrlausn málsins er því við það miðað að stefnandi hafi sönnunarbyrði fyrir því að hann hafi orðið fyrir slysi því sem er grundvöllur að málatilbúnaði hans og dómkröfum á hendur stefnda. Fyrir liggur að frásögn af tilurð ætlaðs slyss er ekki á einn veg í málgögnum og er stefnandi ýmist sagður hafa verið að bera þunga borðplötu eða skáp milli hæða á vinnustaðnum, rekið sig í koll á leiðinni eða ekki. Þá segir í læknisvottorði 3. janúar 2017 að stefnandi hafi áður komið á slysa- og bráðadeild í júlí 2015 með svipuð einkenni og sögu.

Fyrir dómi greindi stefnandi frá því að hann og samstarfsmaður hans, A hefðu verið að bera þungan skáp á milli hæða á vinnustað þeirra. Þegar þeir hafi borið skápinn niður hefði stefnandi rekist í lítinn stól sem hefði verið í gangveginum og misst jafnvægið. Til að verja skápinn hefði stefnandi ákveðið að setja hann hægt niður á gólfið og þegar hann var að því hefði hann heyrt hljóð í bakinu og fundið fyrir verk. Kvaðst stefnandi hafa misst tilfinningu í fótunum og í mjóbakinu í 15 mínútur og hefði ekki getað gengið.

Vitnið A gaf skýrslu fyrir dómi og skýrði frá því að stefnandi og vitnið hefðu borið skáp á milli hæða á vinnustað þeirra. Þeir hefðu haldið á skápnum niður stiga og hefði vitnið gengið á undan stefnanda. Á miðri leið hefði stefnandi beðið vitnið um að stoppa af því að hann hefði farið að finna fyrir verk í bakinu. Þeir hafi stoppað í stutta stund en síðan haldið áfram með skápinn. Eftir þetta hefði stefnandi farið inn á baðherbergi og skipt um föt og sagt vitninu að hann væri að fara á spítala til að vita hvað hefði gerst í bakinu á sér. Vitnið kannaðist ekki við það aðspurt að kollur eða nokkuð annað hefði verið á gönguleið þeirra. Þá kannaðist vitnið heldur ekki við að stefnandi hefði dottið heldur aðeins beðið vitnið um að stoppa. Skápurinn sem þeir báru hefði ekki verið þungur og sagði vitnið að það hefði ekki verið neitt mál að bera hann.

Hugtakið slys er skilgreint sem óvæntur utanaðkomandi atburður sem veldur meiðslum á líkama og gerist án vilja. Svo sem að framan er rakið eru frásagnir af ætluðu slysi stefnanda nokkuð misvísandi og ekki á einn veg. Heldur stefnandi því fram lítill stóll eða kollur hafi verið í gönguleið hans og vitnisins A sem hafi orðið til þess að slinkur kom á stefnanda þegar hann rakst í stólinn. Þessi frásögn stefnanda fær ekki stoð í framburði fyrrnefnds vitnis. Fyrir liggur að stefnandi leitaði til læknis skömmu eftir að hann bar skápinn. Í bráðamóttökuskrá segir að stefnandi hafi leitað aðstoðar vegna bakverks. Haft er eftir stefnanda að hann hafi verið að lyfta þungu borði í bílskúr heima hjá sér. Ekki er haft eftir stefnanda að hann hafi rekist í stól og fengið við það slink. Þá er eins og fram er komið staðfest að stefnandi hafi í júlí 2015 leitað á slysa- og bráðadeild með svipuð „einkenni og sögu.“ Að mati dómsins hefur stefnandi ekki sýnt fram á það með haldbærum rökum að tildrög „slyssins“ hafi verið þau sem hann lýsir og er því ósannað að stefnandi hafi orðið fyrir slysi við vinnu sína 3. janúar 2017. Er því hafnað að stefnandi eigi rétt til launa í slysaforföllum, sbr. grein 8.2 í fyrrnefndum kjarasamningi.

Óumdeilt er að stefnandi fékk greidd laun fyrir janúar 2017. Stefnanda var sagt upp störfum fyrirvaralaust þann 10. janúar 2017 og er deilt um það í málinu hvort stefnanda hafi verið það heimilt að lögum. Heldur stefnandi því fram að fyrirvaralaus uppsögn hafi ekki verið heimil, enda hafi stefnandi ekki gerst sekur um neitt sem réttlæti slíka riftun á ráðningarsamningi aðila. Stefndi ber því við að stefnandi hafi brotið alvarlega af sér í starfi með því að hóta framkvæmdastjóra stefnda, D, og fjölskyldu hans lífláti. Þá hafi stefnandi ítrekað sparkað í bíl D og valdið skemmdum á honum.

Kemur þá til skoðunar hvort stefnda hafi verið heimilt að víkja stefnanda tafarlaust frá störfum. Ekki nýtur við skriflegra gagna um þau atvik sem stefndi lýsir á þá lund að nokkrir starfsmenn stefnda hafi fengið launahækkun um áramótin 2016/2017 umfram sammingsbundna hækkun samkvæmt kjarasamningi. Fékk stefnandi ekki slíka hækkun og var mjög ósáttur við það. Þann 3. janúar 2017 reiddist stefnandi framkvæmdastjóra stefnda og krafðist þess að fá að hætta strax og fá greiddan uppsagnarfrest. Ekki var orðið við því. Fyrir dómi greindi D, framkvæmdastjóri stefnda, frá því að hann hefði hringt í stefnanda 9. janúar 2017 af því hann hefði þá talið að stefnandi ætti að vera kominn til vinnu, 5-8 dögum frá ætluðu slysi samkvæmt læknisvottorði. Stefnandi hafi þá verið staddur hjá sjúkrahjálfa og kvaðst D hafa rætt við sjúkrahjálfarann og fengið það staðfest að hann væri að „mýkja“ stefnanda sem hvíldi sig rangt heima hjá sér. Hafði D það eftir sjúkrahjálfa stefnanda að hann kæmi til vinnu á morgun. Sagði D að stefnandi hefði komið á vinnustaðinn 10. janúar 2017, verið alveg brjáláður og

krafðist þriggja mánaða launa án tafar. Því neitaði D og þá fór stefnandi út í fússi og skellti á eftir sér. Stuttu síðar hringdi stefnandi í D og hótaði þá að drepa hann og fjölskylda hans. Sagði D við stefnanda að svona talaði hann ekki við sig. Þá hafi stefnandi skellt á. Tveir starfsmenn stefnda, vitnin A og E, heyrðu að D var að tala í síma við stefnanda og sagði D þeim frá því að stefnandi hefði hótað honum og fjölskyldu hans lífláti.

Nokkru eftir að stefnandi hótaði D hafði C samband við D og sagði stefnanda vera veikan og hvatti D til að kaupa og skipta um skrár í hurðum fyrirtækisins. Þegar D var að kaupa skrárnar kom stefnandi til baka á vinnustaðinn alveg brjáláður og ætlaði að hitta D. Hringdi stefnandi í d og sagði honum að drulla sér til baka því hann þyrfti að tala við hann. Því neitaði D og sagði við stefnanda að hann myndi aldrei tala við hann aftur. Þá sparkaði stefnandi í framhurðina á bíl D sem var á verkstæðinu og fór síðan af staðnum.

Upplýsingar um þessi atvik eru byggð á framburði D framkvæmdastjóra stefnda og C stjórnarformanns stefnanda og vitnanna A og E. Nefnd vitni staðfestu að D hefði greint þeim frá því að stefnandi hefði hótað D og fjölskyldu hans lífláti. Þá kom fram í framburði C fyrir dómi að stefnandi hefði staðfest við hann að stefnandi hefði haft slíkar hótanir í frammi við D sem stefnandi sagði að gert hefði á hans hlut með því að hækka ekki laun hans til jafns við aðra. Vitnið H var staddur rétt hjá C og heyrði stefnanda lýsa því að hann hefði hótað að drepa D og fjölskyldu hans. Þá bar vitnið E að það hefði séð stefnanda skemma bifreið í eigu D sem var á verkstæði stefnda. Þá liggur fyrir að D kærði stefnanda til lögreglu fyrir líflátshótanir og eignaspjöll sem rannsakar málið að fyrirsögn ríkissaksóknara í bréfi 17. október 2017.

Samkvæmt reglum vinnuréttar er réttur atvinnurekanda til að víkja starfsmanni tafarlaust úr starfi háður því að viðkomandi starfsmaður hafi brotið gildandi ráðningarsamning í veigamiklum atriðum. Jafnframt er við það miðað að atvinnu-rekandi verði að áminna eða aðvara starfsmann áður en að honum er vikið tafarlaust úr starfi nema þá og því aðeins að brot starfsmanns sé alvarlegt. Þarf þá ekki sérstaka áminningu. Getur það átt við ef starfsmaður verður uppvís af refsiverðri háttsemi í starfi. Í máli því sem hér er til úrlausnar telst nægilega í ljós leitt með framburði aðila og vitna að stefnandi hafi þann 10. janúar 2017 hótað D og fjölskyldu hans lífláti og að auki skemmt bifreið í eigu D í reiðikasti eftir að honum hafði verið neitað um greiðslu frekari launa frá stefnda.

Eins og atvikum var háttað sem að framan er lýst þykir framferði stefnanda fela í sér gróft trúnaðarbrot gagnvart stefnda sem réttlætti tafarlausu riftun á ráðningarsambandi aðila án greiðslu launa á uppsagnarfresti. Þess verður með engu móti fundin stoð að framkvæmdastjóri stefnda, eða aðrir starfsmenn, þurfi að þola

frekara vinnuframlag af hendi stefnanda eftir líflátshótanir og eignaspjöll á vinnustaðnum. Er samkvæmt þessu fallist á það með stefnda að riftun ráðningarsamningsins hafi verið heimil eins og gert var og að stefnandi eigi ekki rétt til frekari launa eða annars endurgjalds frá stefnda. Verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda í málinu.

Með hliðsjón af atvikum málsins þykir rétt að hvor aðili fyrir sig beri sinn kostnað af málinu.

Jón Höskuldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt fyrir mæla 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

**D ó m s o r ð:**

Stefndi, Sprautun ehf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Reza Khedri.

Málskostnaður fellur niður.

Jón Höskuldsson